

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Fjarðabyggðar vegna samfélagsþjónustu við Búðareyri á Reyðarfirði.

Skipulagsstofnun staðfesti 14. maí 2024 óverulega breytingu á aðalskipulagi Fjarðabyggðar 2020-2040 sem samþykkt var í bæjarstjórn 7. mars 2024.

Í breytingunni felst að skilgreint er tæplega 1 ha svæði fyrir samfélagsþjónustu S-306 við Búðareyri á Reyðarfirði vegna áforma um stækkun heilsugæslu og uppbyggingu 8 íbúða í búsetukjarna fyrir fatlaða. Svæði fyrir verslun og þjónustu VP-300 og miðsvæði M-300 minnka sem breytingunni nemur.

Málsmeðferð var vegna óverulegrar breytingar á aðalskipulagi samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun, 14. maí 2024.

Ólafur Árnason.

B-deild – Útgáfudagur: 16. maí 2024